

Sjúkratrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola**
- Númer máls hjá félaginu**
- Tegund tryggingar**
- Tegund tjóns**
- Dagsetning tjóns**
- Dagsetning skráningar í grunninn**
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags**
- Staðsetning tjóns**
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.**

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingarsvið.....	3
2. gr.	Takmarkanir á bótaskyldu	3
3. gr.	Bætur við varanlega örorku	3
4. gr.	Bætur við tímabundinn missi starfsorku	4
5. gr.	Grundvöllur samnings og gildistaka.....	4
6. gr.	Gildistími – endurnýjun.....	4
7. gr.	Aldurstakmörk	4
8. gr.	Hvar gildir vátryggingin?.....	5
9. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingar- tímabilinu.....	5
10. gr.	Áhættubreyting	5
11. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum	5
12. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	6
13. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	6
14. gr.	Brot á varúðarreglum.....	6
15. gr.	Ráðstafanir vegna sjúkdóma.....	7
16. gr.	Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:.....	7
17. gr.	Vátryggingarfjárhæðir.....	7
18. gr.	Vísitölubinding vátryggingarfjárhæða og iðgjalds	7
19. gr.	Vátryggingarfjárhæðir – Verðbreytingar	7
20. gr.	Breyting á vísitölugrundvelli.....	7
21. gr.	Greiðslur bóta.....	7
22. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón	7
23. gr.	Fyrning	8
24. gr.	Ágreiningur	8
25. gr.	Varnarþing.....	8
26. gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	8

1. gr. Vátryggingarsvið

Félagið greiðir bætur við starfsorkumissi af völdum sjúkdóms er vátryggður verður fyrir.

Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða á sjúkrahúsi að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda greiðast á sama hátt og við sjúkdóma.

Vátryggingin bætir ekki starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími eigi skemmri en einn mánuður. Með biðtíma er átt við það sjúkratímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteininu á að líða áður en bótagreiðslur hefjast.

2. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin nær ekki til:

- 2.1. Sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það.
- 2.2. Sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar vátryggingin tók gildi að nýju. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður sem rekja má til þess tímabils er vátryggingin var úr gildi.
- 2.3. Sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfi- og eiturlyfja.
- 2.4. Sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppþots eða svipaðra atvika. Sama gildir um sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.
- 2.5. Sjúkdóma sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds sjúkdóms.
- 2.6. Sjúkdóma af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

3. gr. Bætur við varanlega örorku

Valdi sjúkdómur vátryggðs varanlegri örorku greiðast bætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins, sbr. 17., 18. og 19. gr. Vegna algerrar örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin en við minni örorku hlutfallslega eftir orkumissi.

Við ákvörðun örorku skal fylgt eftirfarandi reglum:

- 3.1. Örorku skal meta í hundraðshlutum og skal beitt læknisfræðilegu mati. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu.
Örorka getur aldrei talist meiri en 100%
Lægri varanleg örorka en 25% bætist ekki.
- 3.2. Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur sbr. 1. gr. með hliðsjón af ástandi vátryggðs þá. Telji vátryggður eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumat verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá upphafi seinasta sjúkratímabils.
- 3.3. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand vátryggðs kunnri að breytast, skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir upphaf seinasta sjúkratímabils og ber þá að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar

aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

4. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku

- 4.1. Valdi sjúkdómur váttryggðs tímabundum missi starfsorku, er nemur 50% eða meira greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru við upphaf sjúkratímabilsins og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissirinn varir, sbr. 17., 18. og 19. gr., frá og með þeim degi sem ákveðinn er í váttryggingarskírteininu. Við 100% starfsorkumissi greiðast dagpeningar að fullu en við minni starfsorkumissi, 50% eða meiri, sami hundradshluti af þeim og starfsorkumissirinn er metinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 4.2. Bætur fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstilfelli greiðast eigi lengur samanlagt en það tímabil sem váttryggingarskírteinið kveður á um. Sama gildir um sjúkdóma þar sem tengsl eru á milli læknisfræðilega séð. Þegar skemmra er á milli sjúkdómstílfella en sem nemur tímabili, sem að lengd jafngildir því hámarki bótatímabils sem váttryggingarskírteinið ákveður, gildir sú regla að sjúkratímabilin eru lögð saman og bætur eru ekki greiddar lengur samanlagt en í þann árafjölda sem kveðið er á um í váttryggingarskírteininu. Þegar nýtt sjúkratímabil hefst innan tólf mánaða frá því að sjúkratímabili lauk, stýttist biðtíminn um samanlagða lengd sjúkratímabila sem voru lengri en 7 dagar og féllu í heild eða að hluta innan þessara tólf mánaða. Fyrir hið nýja sjúkratímabil gildir þó minnst 7 daga biðtími, sé ekki missir starfsorku augljóslega bein afleiðing af fyrri sjúkdómi.
- 4.3. Þegar váttryggingin er tekin, ber að miða bótafjárhæðir við þann tekjumissi er váttryggður mundi verða fyrir vegna sjúkdómsins. Til tekna teljast í þessu sambandi hverjar þær bætur og greiðslur er váttryggður á rétt á annars staðar frá á bótatímabilinu.

5. gr. Grundvöllur samnings og gildistaka

Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarbeiðninni og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður eða takmarkast og þess hefur verið óskað að váttryggingin taki gildi aftur.

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu. Semja má skriflega um annan gildistökutíma.

Félagið getur óskað eftir nýjum upplýsingum um áhættuna í tengslum við endurnýjun váttryggingarinnar.

6. gr. Gildistími – endurnýjun

Váttrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

7. gr. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur úr gildi í lok þess vátryggingarárs er vátryggður nær 64 ára aldri nema öðruvísi sé ákveðið í vátryggingarskírteininu. Félagið vátryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku.

8. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Ef vátryggður, dvelst erlendis í meira en hálf tveim árum í senn er félaginu heimilt að segja vátryggingunni upp fyrirvaralaust gegn því að endurgreiða iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

9. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

Iðgjaldið

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef vátryggður vill fá vátrygginguna í gildi aftur verður hann að fylla út nýja umsókn, sem er metin af félaginu hverju sinni.

Uppgjör ef samningi er slitið á vátryggingartímabilinu

Ef vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar vátryggingarþingur hefur orðið á vátryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu vátryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánaða frá útgáfu vátryggingarinnar.

10. gr. Áhættubreyting

Iðgjaldið er háð aðstæðum vátryggðs, þ.á.m. starfi. Sérhverja breytingu sem kann að verða á starfi vátryggðs eða öðrum atriðum sem fram koma í vátryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins, ber að tilkynna félaginu tafarlaust svo að það geti dæmt um hvort vátryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

Sé slík tilkynning ekki send félaginu í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir að breytingin varð, og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verði ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir hvert vátryggingartilvik, sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að bótageiðslur gætu fallið niður eða orðið lægri en vátryggingarfjárhæð skírteinis segir til um, enda hefði félagið hafnað vátryggingu eða veitt álag á iðgjald hefði því verið kunnugt um hið nýja starf. Við mat á ábyrgðinni skal miðað við það iðgjald sem félagið hefði krafði um ef það hefði vitað um breytingar á aðstæðum vátryggðs.

Falli vátryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

11. gr. Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
3. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;
4. ef aðstæður váttryggðs, þ.á.m. starf hans eða lífshættir, breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;
5. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
6. ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

13. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón.

Hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

15. gr. Ráðstafanir vegna sjúkdóma

Vátryggður skal leita læknis strax eftir að sjúkdóms hefur orðið vart, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

Tilkynna skal sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Valdi sjúkdómur dauða, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna.

Þegar sjúkdómur ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða vátryggðan. Þegar læknishjálpar líkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar sjúkdómsins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

16. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr vátryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum, þó ekki ef bersýnilegt er að örorka nái ekki tilskildu lágmarki. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna vátryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

17. gr. Vátryggingarfjárhæðir

Vátryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um vátrygginguna milli vátryggingartaka og félagsins.

Upplýsingar um vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini.

18. gr. Vísitölubinding vátryggingarfjárhæða og iðgjalds

Vátryggingarfjárhæðir þær sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysluverðs án húsnæðis á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan miðað við grunnvísitölu þá, sem greind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

19. gr. Vátryggingarfjárhæðir – Verðbreytingar

Í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um vátryggingarfjárhæðir, sem taka verðbreytingum miðað við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi vátryggingartímabilsins.

Bótafjárhæðir örorkubóta, dánarbóta og bóta vegna tímabundins missis starfsorku reiknast á grundvelli gildandi vátryggingarfjárhæðar frá upphafsdegi sjúkratímabils en breytast með vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding bótafjárhæða varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

20. gr. Breyting á vísitölugrundvelli

Verði breyting á grundvelli vísitölu neysluverðs án húsnæðis skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu skv. nýjum grundvelli við vísitölu skv. eldri grundvelli.

21. gr. Greiðslur bóta

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

22. gr. Frestur til að tilkynna um tjón

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;

2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

23. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

24. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

25. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

26. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. janúar 2006.

[Efst á skjal](#)